

Alþingi
Erindi nr. P 127/1366
komudagur 20.3.2002



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

7. mars, 2002
5A3a

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
Netfang:
hjukrun@hjukrun.is


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um átraskanir

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um átraskanir. Stjórnin er mjög sammála því að stjórnvöld beiti sér fyrir því að safnað verði saman sérþekkingu á meðferð átraskana á einn stað.

Þingsályktunartillagan er þó mjög almenns eðlis að mati stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Greinargerð með ályktuninni bætir ekki þar úr. Það er mikilvægt að eihversskonar miðstöð sérþekkingar á átröskun verði stofnuð og að þar starfi sérfræðingar á þessu sviði. Markmið miðstöðvarinnar yrði m.a. að sinna fólki með átröskunarvanda, aðstoða fagfólk sem sér þennan vanda og tekur á honum í sínu starfi og að hafa frumkvæði að því að uppfæða fagfólk og almenning. Jafnframt ætti að safnast þar saman þekking á meðferðarúræðum fyrir átröskunarsjúkdóma. Þar eru sérfræðingar ekki á eitt sáttir og hefði verið athyglisvert að sjá nánari útfærslu á þeim mikilvæga þætti í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Sérstaklega hefði mátt fjalla betur um mikilvægi þess að meðferð grundvallist á skilningi á því hvað veldur hjá hverjum einstaklingi í stað þess að einblína á þyngdaraukningu. Í greinargerðinni virðist meðferð vera skoðuð út frá frekar þröngu sjónarhorni atferlismeðferðar sbr. sbr. „meðferðin byggist á því að ná réttari þyngd með því að gera matarvenjur eðlilegar.“ Hlutverk meðferðaraðila ætti fyrst og fremst að vera að hjálpa sjúklingnum til að skilja undirliggjandi orsakir átröskunar, en ekki að kenna honum að borða. Meðferð sem einblínir á mataræði og þyngd fæst við einkenni vandans en ekki orsök, en orsakimar geta verið t.d. léleg sjálfsmýnd, óöryggi, vanmáttur o.s.frv. Þessum þáttum verður ekki breytt með „eðlilegum matarvenjum“ og því er það lykilatriði að meðferð átröskunar byggi á haldgóðri þekkingu meðferðaraðila og næmum skilningi þeirra á eðli vandans.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga tekur undir að mikilvægt sé að meðferðaraðilar starfi saman að því að samhæfa mismunandi meðferðarform og að stofnuð verði einhverskonar miðstöð sem hafi það hlutverk að veita sérhæfða meðferð við átröskunum.

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga


Herdís Sveinsdóttir, formaður